



Samstarf um nám barna og þekkingarsköpun: Áherslur í tengslum leikskóla og grunnskóla í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga

Anna Magnea Hreinsdóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the authors ► Heimildir

Markmið rannsóknarinnar sem hér er fjallað um er að greina þær áherslur sem eru í samstarfi leikskóla og grunnskóla í fjórum sveitarfélögum á Íslandi og á hverju þær byggja. Samfella í námi barna og ungmenna er undirstrikuð í alþjóðlegri stefnumótun um skólamál. Lögð er áhersla á að nám barna og ungmenna eigi að vera samfellt frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla, þar sem skólastigið sem tekur við byggir á þeirri reynslu og námi sem barnið hefur öðlast á fyrri stigum, fremur en að markviss undirbúningur fari fram fyrir næsta skólastig. Í þessari grein eru menntastefnur fjögurra sveitarfélaga og samstarfsáætlanir leikskóla og grunnskóla innan hverfa skoðaðar, í ljósi greiningar Moss (2013) á þremur tegundum samstarfs leikskóla og grunnskóla, og hvernig best sé að tryggja samfelli í námi barna og koma í veg fyrir rof. Notuð er skjalagreining til þess að skoða og túlka þá stefnumótun sem fram kemur um samstarf leikskóla og grunnskóla í menntastefnunum og starfsáætlunum þar sem gagnvirkt samstarf leikskóla og grunnskóla er á ábyrgð sveitarstjórna. Skólanámskrá leikskóla á að gera grein fyrir samstarfinu og hvernig staðið er að þessum þáttaskilum. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfelli í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Andstæð sjónarmið beinast að mikilvægi leikskólans sem skólastigs með áherslu á leik sem meginnámsleið eða tímabils þar sem undirbúa eigi börn fyrir grunnskólastigið. Niðurstöður skjalagreiningarinnar sýndu aukna áherslu á fjölbreytt og þverfaglegt samstarf í núgildandi menntastefnum sveitarfélaganna. Allar byggja stefnurnar meðal annars á stefnu stjórnvalda um Menntun fyrir alla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun, e.d. ; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2022; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992). Þátttaka foreldra, kennara og barna í skólastarfi og áhrif þeirra eru undirstrikuð og forsendur gefnar fyrir að félagsleg sjálfbærni, réttlæti og fullgildi skapist í skólastarfi innan hverfa. Lærdómur og skilaboð rannsóknarinnar eru að til þess að styðja við þátttöku helstu hagsmunaaðila skólastarfs þarf að skapa vettvang til samræðu sem móta má til dæmis í sveitarfélögum og innan hverfa. Þar þarf samt að fara fram um gæði skólastarfs í anda lýðræðis, félagslegs réttlætis og sjálfbærni.

Efnisorð: samstarf leikskóla og grunnskóla, samfella í námi, menntastefnur, félagsleg sjálfbærni, réttlæti

Inngangur

Í alþjóðlegri og innlendri stefnumótun er lögð áhersla á að nám barna og ungmenna sé samfellt frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla, þar sem skólastigið sem tekur við byggir á þeirri reynslu og námi sem barnið hefur öðlast á fyrri stigum (Dewey, 1938/2000; Mennta- og menningarmálaráðuneyti,

2021; OECD, 2017; Þingskjal nr. 1111/2020–2021). Stefna um samstarf leikskóla og grunnskóla er sett af yfirvöldum og endurskoðuð með nokkurra ára millibili. Stefnan er sett fram í skrifuðum texta sem endurspeglar ríkjandi orðræðu og viðhorf og er oft á tíðum fylgt eftir með áætlunum um innleiðingu og mati á hvernig innleiðingin gengur (Ackesjö og Persson, 2019; Ball, 2017; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021; Þingskjal nr. 1111/2020–2021). Á Íslandi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir setji almenna stefnu um leikskóla- og grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynni fyrir íbúum þess (lög um leikskóla nr. 90/2008; lög um grunnskóla nr. 91/2008). Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla (nr. 90/2008 og 91/2008) eiga sveitarfélög einnig að koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Mörg sveitarfélög hafa mótað samstarfsáætlanir um aðlögun barna milli skólastiga og geta hverfisskólarnir verið sameiginlegur samstarfsvettvangur fyrir kennara til að mætast á jafningjagrunni ásamt foreldrum og börnum, þar sem litið er á börn sem lýðræðislega borgara og virka þátttakendur í skólastarfi með eigin réttindi (Dahlberg o.fl., 2013).

Þegar verið er að móta menntastefnu til framtíðar er mikilvægt að velta fyrir sér á hvaða gildum sú stefna byggir og hvernig hún stuðlar að lýðræðislegum lífnaðarhátum, félagslegu réttlæti og sjálfbærni (Kessler, 2018, 2020). Í þessari rannsókn var leitað svara við hvaða áherslur má sjá í samstarfi leikskóla og grunnskóla í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga á Íslandi og samstarfsáætlunum skóla innan þeirra með því að skoða menntastefnur sem mótaðar voru á árunum 2018–2020 og gilda til ársins 2030. Voru þær greindar með hliðsjón af innlendum og erlendum rannsóknum á tengslum skólastiga og greiningu Moss (2013) á þremur tegundum samstarfs leikskóla og grunnskóla. Tegundir samstarfs að mati Moss (2013) eru í fyrsta lagi undirbúningur leikskólans fyrir grunnskólagöngu barna (e. *readying for school*). Í öðru lagi samstarfsskólastiga á jafningjagrunni (e. *a strong and equal partnership*), og í þriðja lagi sú tegund sem byggir á hugmyndinni um sameiginlegan samstarfsvettvang (e. *the vision of a meeting place*). Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 á að gera grein fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla í skólanámskrá leikskóla og hvernig staðið er að þessum þáttaskilum. Eiga grunnskólar að taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu og veita foreldrum upplýsingar á þeim tímamótum um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Fræðilegur bakgrunnur

Bakgrunnur rannsóknarinnar byggir á hlutverki skóla innan hverfa í mótun lýðræðislegs samfélags með þátttöku foreldra, kennara og barna í skólastarfi, og jafnframt á samstarfi leikskóla og grunnskóla innan hverfa. Skólinn tekur ekki einungis til þess staðar sem hópur barna dvelur á, heldur einnig til hins félagslega, menningarlega og lýðræðislega vettvangs. Þar geta kennarar, foreldrar og börn verið sýnileg og vænst að á þau sé hlustað (Lundy, 2007; Moss og Petrie, 2002).

Tengsl leikskóla og grunnskóla innan hverfa

Lífsgæði barna og fjölskyldna eru að hluta til falin í búsetu og eru hverfisskólar félagslegar einingar sem hafa áhrif á lífsgæði íbúa með starfsemi sinni. Eitt hlutverk þeirra tengist hverfisandanum og tengslum innan hverfisins (Barton o.fl., 2003). Íslendingar velja leikskóla og grunnskóla mjög afgerandi út frá búsetu, þar sem um 72% barna gengu í hverfisskólann sinn á höfuðborgarsvæðinu árið 2016. Flest hverfi höfuðborgarsvæðisins eru blönduð, en margt bendir þó til þess að stéttaaðgreining hafi aukist á undanförunum árum (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Oft er talað um skóla sem hjarta hverfisins og er staðsetning þeirra ekki tilviljunum háð (Dave, 2011). Þar geta skapast tækifæri til að eiga í félagslegum samskiptum og þar ríkja sameiginleg gildi. Skólarnir í hverfinu gegna mikilvægu hlutverki í félagslegu réttlæti (e. *social justice*) sem birtist í greiðu aðgengi allra íbúa að skólum og tækifærum við hæfi innan þeirra (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Skólastarf þarf að taka mið af mannlegum breytileika og getur því ekki gengið út frá hugmynd um mannlega einsleitni (Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun, e.d.). Auk þess að koma á félagslegu réttlæti gegna skólarnir í hverfinu hlutverki í að koma á félagslegri sjálfbærni (e. *social sustainability*) og fullgildi (e. *belonging*). Þar geta tengsl myndast, sambönd og vinátta (Bramley o.fl., 2009; Dempsey o.fl., 2011; Lawhon, 2009; Suminski o.fl., 2006). Félagslega sjálfbært hverfi ætti að hafa í sér þætti sem skapa

samfellu og samskipti í lífi íbúa sem spretta upp úr grasrótinni (e. bottom up) með samvinnu þvert á skólastig og við aðra aðila sem koma að menntun barna (UNESCO, 2020). Til þess þurfa kennarar, börn og foreldrar aðgang að vettvangi til að eiga í lýðræðislegu samstarfi með samfellu og sjálfbærni í námi barna að leiðarljósi (Sundberg o.fl., 2018). Rannsóknir Lecusay og fleiri (2021, 2022) sýna að samstarf skóla innan hverfa getur stuðlað að auknum skilning á hvernig börn læra og stutt við lýðræðislegt skólastarf sem einkennist af félagslegu réttlæti (Moss, 2019). Er það í samræmi við ákall Ódegaard (2020, 2021) um mikilvægi samstarfs um sjálfbæra menntun sem felst í samtali, könnun og tengslum. Það þarf að fara fram innan skóla, milli skólastiga og innan hverfa með þátttöku kennara, barna og foreldra. Það sem mikilvægast er talið í samstarfi milli kennara og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í að koma á félagslegu réttlæti er gagnrýnin hugsun og virðing fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum (Arna H. Jónsdóttir, 2022).

Þátttaka barna, starfsfólks og foreldra í skólastarfi og áhrif þeirra eru undirstrikuð í alþjóðlegri stefnumótun og felst lýðræðislegt skólastarf í að allir sem að starfinu koma hafi aðkomu að mótun þess (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Anna Magnea Hreinsdóttir og Arna Hólmfríður Jónsdóttir, 2023; lög um leikskóla nr. 90/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011a, 2011b). Hafa þessir aðilar oft ólíka sýn á skólastarf og ólíka hagsmuni. Leikskólakennarar telja leik vera helstu námsleið barna í leikskóla, en grunnskólakennarar eru vanari áherslu á kennarastýrt nám (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Með auknu samstarfi leikskóla og grunnskóla gæti hugmyndafræði leikskólans haft áhrif á nám og starfshætti í grunnskóla (Sahlberg, 2016). Á undanförunum árum hafa ýmsar leiðir verið þróaðar til að stuðla að tengslum milli leikskóla og grunnskóla innan hverfa. Meðal annars hafa verið unnar samstarfsrannsóknir um tengsl leiks og náms í stærðfræðinámi, byrjendalæsi, náttúrufræði og útikennslu (Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2013). Hafa þær sýnt að gefa þurfi góðan tíma í samstarf skólastiganna og samtali kennara um nám og kennslu.

Foreldrar telja gæði leikskólastarfs fyrst og fremst felast í að börn þeirra séu örugg í leikskólanum og að þeim líði vel. Þeim finnst mikilvægt að börn læri í hverju góð samskipti felast og fái tækifæri til að efla félags- og persónulega hæfni. Einnig að börnin fái að fást við fjölbreytt viðfangsefni í leik (Broström o.fl., 2018; Jóhanna Einarsdóttir, 2020; Jóhanna Einarsdóttir og Wagner, 2006). Auk kennara og foreldra eiga börn að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í skólastarfi og hafa áhrif á nám sitt og daglegt líf (Brooker, 2011). Lundy (2007) hefur þróað líkan sem byggir á 12. grein laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013) með fjórum viðmiðum sem reynast gagnleg í að greina virka þátttöku barna, t.d. í skólastarfi og í námi sínu. Í fyrsta lagi þurfa börn vettvang eða tækifæri til að láta í sér heyra. Í öðru lagi eiga fullorðnir að láta börnum í té upplýsingar og annað sem þau þurfa til að mynda sér skoðun. Í þriðja lagi þarf að hlusta á skoðanir þeirra og í fjórða lagi þarf að tryggja áhrifamátt skoðana barna og að þær leiði til breytinga. Margt má læra af börnum um reynslu þeirra af því að ljúka dvöl sinni í leikskóla og hefja grunnskólanám og sýna rannsóknir að margt togast á í ferlinu sem getur verið í senn spennandi og krefjandi (Ackesjö, 2019; Sara Margrét Ólafsdóttir, 2022). Því ætti að nýta sjónarmið barnanna sem helsta breytingaaflið í samstarfi skólastiga (Broström, 2019).

Ólíkar tegundir tengsla leikskóla og grunnskóla

Greina hefur mátt kerfisbreytingar og ólíkar áherslur í samstarfi leikskóla og grunnskóla á undanförunum áratugum sem felast í að leikskólinn sækist mjög eftir því að verða líkari grunnskólanum (Broström, 2017; Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2022; Jón Torfi Jónasson, 2006). Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011a, 2011b) er fjallað um ýmsa þætti sem eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, svo sem stefnumið menntakerfisins, almenna menntun og markmið skólakerfisins, grunnþætti menntunar og mat á skólastarfi. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu en skýr skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti farið eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir

ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Ýmist er litið á mikilvægi leikskólans sem skólastigs með ákveðna hugmyndafræði og starfshætti sem leggja áherslu á leik sem meginnámsleið eða tímabils þar sem undirbúa eigi börn fyrir grunnskólastigið (Moss, 2013). Undirbúningurinn felst gjarnan í þjálfun á afmörkuðum færniþáttum eins og málörvun og bernskulæsi. Tilhneigingar hefur gætt innan leikskóla að líta til grunnskólans og skipta deginum annars vegar í faglegt starf eða skipulagt hópastarf og hins vegar frjálsan leik í ætt við frístundastarf (Kennarasamband Íslands, 2023; Kópavogsbær, 2023; Reykjavíkurborg, 2021). Breytingarnar felast meðal annars í að setja upp skipulagðar kennarastýrðar stundir þar sem nám fer fram og treysta ekki á leik sem meginnámsleið barna með stuðningi leikskólakennara og skráningu á því námi sem þar fer fram (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2016). Þessi tilhneiging hefur gjarnan verið nefnd bóknáms- og kerfisrek og vísar þá til þeirrar tilhneigingar eins kerfis að horfa til kerfisins næst fyrir ofan og starfshátta þess (Jón Torfi Jónasson, 2006).

Þessi tilhneiging leikskólans að líta til skipulags og starfshátta grunnskólans hefur áhrif á samstarf leikskóla og grunnskóla á skólaskilum og á hverju það byggir. Ein tegund tengsla leikskóla og grunnskóla í hverfum er að mati Moss (2013) þegar leikskólinn tekur að sér að undirbúa börn fyrir grunnskólagöngu með því að sjá til þess að þau öðlist þekkingu, hæfni og leikni til að ná árangri í grunnskóla. Yfirleitt felst undirbúningurinn í stafa- og talnaþekkingu, sjálfshjálp og að geta fylgt fyrirmælum í skólastofunni (OECD, 2001, 2006, 2011). Leikskólinn er fyrsta skólastigið í langri skólagöngu barna og ungmenna þar sem ákveðinn grunnur er lagður að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (lög um leikskóla nr. 90/2008). Mikilvægi skólastigsins varðandi snemmtæka íhlutun er undirstrikað með áherslu á að greina stöðu barna, þjálfva og skima. Samstarf sem byggir á undirbúningshlutverki leikskólans getur veikt sérstöðu hans sem felst í áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011b). Slíkt samstarf felur í sér einhliða samskipti, þar sem grunnskólastigið gefur leikskólastiginu fyrirmæli um hvernig best sé að undirbúa börnin fyrir áframhaldandi skólagöngu. Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009 kveður á um hvaða upplýsingar skuli fylgja börnum úr leikskóla í grunnskóla. Slík upplýsingaöflun endurspeglar oft áherslu á undirbúningshlutverk leikskólans.

Önnur tegund tengsla leikskóla og grunnskóla að mati Moss (2013) myndast þegar sveitarfélög móta stefnu um samstarf skólastiga og hafa frumkvæði að því að leikskólar í hverfum sveitarfélagsins taka þátt í samstarfi við grunnskóla, til dæmis með gerð áætlana um tengingu skólastiganna. Gengið er út frá því að samstarfið sé á jafningjagrunni þar sem bæði skólastigin geti lært af því að kynna starfsháttum hvor annars. Lítið fer þó fyrir því að grunnskólinn sækist eftir að byggja á því sem gert hefur verið í leikskólanum, þrátt fyrir að ýmsir fræðimenn hafi bent á að yngsta stig grunnskólans geti margt lært af leikskólastarfi (Sahlberg, 2016) og að mikilvægt sé að kennarar grunnskóla kynni sér það sem börnin hafa verið að fást við í leikskólanum til að byggja upphaf grunnskólagöngunnar á því sem börnin hafa lært. Sem dæmi um samstarf skólastiga byggt á jafnræði má nefna samstarfsrannsókn kennara í leik- og grunnskólum um að þróa leiðir við að nota leik sem námsleið í stærðfræði, byrjendalæsi, náttúrufræði og útikennslu (Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2013).

Þriðja tegund tengsla að mati Moss (2013) er þegar upp kemur ákall um samtal um nám barna og þekkingarsköpun, innihald og starfsaðferðir leikskóla og grunnskóla sem og þann gildagrunn sem skólastarf byggir á. Byggir ákallið á þeim óbeinu áhrifum sem orðræða, menning og hefðir í skólastarfi hafa haft á þróun leikskólastarfs í átt að skólavæðingu leikskólans. Einnig byggir ákallið um samtal á ólíkum viðhorfum skólastiganna til barna, getu þeirra og styrkleika og hlutverk kennara sem samstarfsaðila í námi barna (Dalhberg o.fl., 2013; Lenz-Taguchi, 2010; Rinaldi, 2006). Jafnframt má finna meiri áherslu á heildstætt nám í leikskólum en námsgreinamiðað nám í grunnskólum, þrátt fyrir að lögð sé áhersla á að grunnþættir menntunar eigi að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011a, 2011b; OECD, 2015, 2017, 2021). Skráningar á námi barna gegna mikilvægu hlutverki í samtali og samstarfi kennara þvert á skólastig til að auka skilning þeirra á lýðræðislegu skólastarfi (Malaguzzi, 1993; Rinaldi, 2006). Síðast

en ekki síst byggir hugmyndin um sameiginlegan samstarfsvettvang á að kennarar skólastiganna mætist á jafningjagrunni. Slíkt samstarf gæti leitt til aukins félagslegs réttlætis og sjálfbærni innan hverfisskóla. Ofangreind tengsl skólastiga er ekki auðvelt að aðgreina, heldur tengjast þau og þróast með tíð og tíma.

Markmið, tilgangur og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar er að greina þær áherslur sem eru í samstarfi leikskóla og grunnskóla og á hverju þær byggja. Tilgangurinn er að varpa ljósi á þá þróun sem á sér stað á samstarfi um nám barna og þekkingarsköpun milli skólastiga. Menntastefnur fjögurra sveitarfélaga og samstarfsáætlanir hverfisleikskóla og -grunnskóla innan þeirra voru greindar og leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- *Hvaða áherslur má sjá í samstarfi leikskóla og grunnskóla í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga á Íslandi?*
- *Hvernig endurspeglast áherslur stefnanna í samstarfsáætlunum hverfisskóla innan þeirra?*

Aðferð

Notuð var skjalagreining (e. document analysis) og voru stefnur og samstarfsáætlanirnar greindar með hliðsjón af innlendum og erlendum rannsóknum á tengslum skólastiga og greiningu Moss (2013) á þremur tegundum samstarfs leikskóla og grunnskóla.

Skjalagreining er kerfisbundin aðferð til að skoða eða meta bæði prentuð og rafræn skjöl. Eins og aðrar greiningaraðferðir í eiginlegum rannsóknum krefst skjalagreining þess að gögn séu skoðuð og túlkuð til þess að öðlast skilning á innihaldi þeirra (Corbin og Strauss, 2008; Rapley, 2007). Greiningaraðferðin felur í sér að velja, meta og flokka þau gögn sem skjölin sýna, sem síðan eru skipulögð í þemu (Labuschagne, 2003). Skjöl geta þjónað margvíslegum tilgangi, meðal annars geta þau gefið mynd af samhengi ákveðinna viðfangsefna. Einnig geta skjöl gefið mynd af sögulegum bakgrunni og mótun félagslegs umhverfis innan stofnana (Connell o.fl., 2001). Jafnframt veita skjöl góðar upplýsingar um þá þróun og breytingu sem á sér stað (Yin, 1994). Að auki getur rannsakandi skoðað áhrif stefnuskjala á starfsaðferðir innan stofnana eins og gert er í þessari greiningu. Skjalagreining felur í sér skimun, lestur og túlkun. Þetta endurtekna ferli sameinar þætti efnisgreiningar og þemagreiningar. Innihaldsgreining er ferlið við að skipuleggja upplýsingar í flokka sem tengjast meginspurningu rannsóknarinnar.

Kostir skjalagreiningar felast í að þetta er skilvirkari aðferð en aðrar rannsóknaraðferðir og aðgengi að stefnuskjölum er gott. Skjölin eru ekki háð túlkun viðmælanda og er hlutverk rannsakandans að greina og leggja merkingu í innihald þeirra (Bowen, 2009). Ýmsar takmarkanir felast í aðferðinni þar sem skjölin svara ekki á beinan hátt tiltekinni rannsóknarspurningu en sýna þó vel þá stefnu og starfshætti sem stefnt er að, til dæmis í samstarfi leikskóla og grunnskóla, og áherslur sveitarfélagsins í skólamálu. Skjalagreining er því talin vera gagnleg aðferð þar sem markmiðið er að öðlast dýpri skilning á ákveðnu viðfangsefni. Þá eru fyrirliggjandi skjöl og fyrri rannsóknir skoðaðar og greindar. Þær upplýsingar sem þannig fást geta leitt til frekari rannsókna og gefið góðan grunn að stefnumótun til framtíðar (Stake, 1995; Yin, 1994).

Atkinson og Coffey (1997) benda á að íhuga þurfi vandlega hvort og hvernig skjöl geti þjónað sérstökum rannsóknartilgangi. Veikleiki þess að styðjast eingöngu við skjalagreiningu eins og gert er í þessari rannsókn er að ekki er byggt á öðrum gögnum sem geta stutt við það sem fram kemur í skjalagreiningunni (Denzin, 1970; Patton, 1990). Með því að skoða upplýsingar sem safnað er með mismunandi aðferðum getur rannsakandi staðfest niðurstöður þvert á gagnasöfn og þannig dregið úr áhrifum hugsanlegrar hlutdrægni. Rannsóknir sem byggja eingöngu á skjölum eru augljóslega takmörkunum háðar, en þrátt fyrir það hefur skjalagreining verið notuð sem sjálfstæð aðferð (Gagel, 1997; Wild o.fl., 2009).

Gögnum var safnað frá 1. febrúar til 1. apríl 2023. Voru menntastefnur fjögurra sveitarfélaga og samstarfsáætlanir leikskóla og grunnskóla skoðaðar í ljósi áherslna í samstarfi leikskóla og grunnskóla. Valdar voru menntastefnur fjögurra sveitarfélaga með fleiri en 10.000 íbúa, sem höfðu mótað nýja menntastefnu á árunum 2018–2022 og giltu þær allar til ársins 2030. Þóttu þær gefa góða mynd af þeim áherslum sem eru við lýði og endurspeglar þá strauða og stefnur sem gildandi verða á næstu árum. Ein samstarfsáætlun leikskóla og grunnskóla innan eins hverfis innan hvers sveitarfélags var valin til greiningar og var hægt að nálgast þær á heimasíðum skólanna. Forgreiðing var gerð þar sem öll gögnin voru greind með opinni kóðun og helstu þemum flokkuð eftir greiningu Moss (2013) á því sem einkennir samstarfið, þ.e. dæmi um undirbúning fyrir grunnskólagöngu, um samstarf á jafningjagrunni og vísbendingar um sameiginlegan samstarfsvettvang skólastiganna (Bowen, 2009; Braun og Clarke, 2013). Eru sveitarfélögin nefnd A, B, C og D og leikskólarnir og grunnskólarnir ekki nefndir á nafn þar sem markmiði og tilgangi greiningarinnar er best náð með því að láta liggja milli hluta hvaða sveitarfélög, leikskólar og grunnskólar eiga hlut að máli.

Niðurstöður

Menntastefnur sveitarfélaganna fjögurra voru allar mótaðar á árunum 2018–2022 og gilda til ársins 2030. Þær gefa góða mynd af þeirri stefnu sem skólastarfi er ætlað að taka mið af á næstu árum. Allar byggja stefnurnar á lögum um viðkomandi skólastig, aðalnámskrá og stefnu stjórnvalda um Menntun fyrir alla og jöfnuð, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með áherslu á raddir barna og ungmenna og þátttöku í skólastarfi og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um félagslegt réttlæti og sjálfbæra þróun. Sameiginlegt með þeim skjölum sem skoðuð voru er að í þeim er að finna almenn stefnumið fremur en fyrirmæli og leiðir í skólastarfi og námi. Gert er ráð fyrir að hver skóli endurskoði starfsáætlanir sínar í samræmi við þau gildi og áherslur sem fram koma í menntastefnunum og setji fram þær leiðir sem fara á til að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Því var skoðað hvort samstarfsáætlanir eins leikskóla við einn grunnskóla innan eins hverfis í hverju sveitarfélaganna endurspegluðu áherslur menntastefnanna. Samstarfsáætlanirnar voru flestar eldri en menntastefnurnar og því ekki búið að endurskoða þær í ljósi nýrra menntastefna. Niðurstöður voru skoðaðar í ljósi þriggja meginþema: Undirbúningur leikskólans fyrir grunnskólagöngu, samstarf skólastiga á jafningjagrunni og hugmyndin um sameiginlegan samstarfsvettvang.

Undirbúningur fyrir grunnskólagöngu

Nokkrar vísbendingar voru um að samfella í námi væri skilgreind á þann veg að hún fælist í undirbúningi leikskólans fyrir kennslu barna í grunnskóla í stað þess að grunnskólinn kynnti sér þá starfsemi sem fram fer í leikskólanum. Leikskólinn tekur þá að sér að fylgja fyrirmælum frá grunnskólanum um að þjálfa ákveðna færni, hæfni og leikni áður en kemur að grunnskólagöngu barna. Það getur átt við um stafa- og talnaþekkingu og að geta skilið og fylgt fyrirmælum og reglum. Má sjá í menntastefnu sveitarfélags A að tilgangur skólagöngu barna sé að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Sömu áherslu má sjá í samstarfsáætlun leikskóla og grunnskóla í sveitarfélagi D þar sem undirstrikað er að allt námið í leikskólanum sé grunnur að frekara námi í framtíðinni.

Áhersla er á miðlun upplýsinga um börn milli skólastiga um getu til náms, leiks eða annars skólastarfs samkvæmt reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009, bæði í menntastefnum sveitarfélaganna og í samstarfsáætlunum skóla. Upplýsingunum er ætlað að búa grunnskólann undir að styðja við hvert barn. Sem dæmi má nefna samstarfsáætlun skóla í sveitarfélagi A:

Skilafundur eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar grunnskólans hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Svipaðar áherslur má sjá í samstarfsáætlun sveitarfélags B:

Umsjónarkennarar leikskólans og talmeinafræðingur veita grunnskólanum upplýsingar um niðurstöður úr HLJÓM-2, skimun talmeinafræðings og málþroskaprófum þar sem það á við. Talmeinafræðingar hitta umsjónarkennara 1. bekkja í grunnskólanum í upphafi haustannar og kynna niðurstöður úr prófunum.

Samstarfsáætlun skóla í sveitarfélagi C sýnir áherslu á að skólaganga barna myndi samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim sem best á næsta skólastigi. Skilafundur á milli leik- og grunnskóla eru haldnir að vori en þá er upplýsingum og gögnum um leikskólabörnin skilað til grunnskólanna. Í áætlunum skóla í sveitarfélagi D er ekki að finna upplýsingar um hvernig staðið sé að upplýsingamiðlun um einstaka barn milli skólastiga.

Samstarf á jafningjagrunni

Lögð er áhersla á að móta skapandi lærdómssamfélag í menntastefnu sveitarfélags A sem styður við faglegt frumkvæði starfsfólks, veitir því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Sveitarfélag B setur sem markmið að koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla og skapa þannig samfellu í námi nemenda á þessum tveimur skólastigum til að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennara beggja skólastiga. Stuðla á að vellíðan og öryggi barnanna er þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Sérstök áhersla er lögð á að leggja drög að farsælu lestrarnámi barna í leikskóla. Eiga skólarnir innan sveitarfélagsins að móta reglur um hvernig staðið skuli að samfellu náms á milli leik- og grunnskóla og hafa leikskólar og grunnskólar innan hverfa mótað áætlanir um slíkt samstarf. Hlutverk hvers skóla og hluti af sjálfstæði hans er því að móta aðgerðaáætlun á grunni skólastefnunnar og setja þar fram undirmarkmið og þær leiðir sem farnar verða að markmiðum stefnunnar. Eiga árlegar starfsáætlanir skólanna að byggja á þeirri aðgerðaáætlun. Á heimasíðu eins leikskóla sveitarfélagsins kemur fram að stefnt skuli að því að hvert leikskólabarn fari að lágmarki fjórum sinnum í heimsókn í grunnskólann og hvert grunnskólabarn heimsæki sömuleiðis leikskóla að minnsta kosti tvisvar. Sem dæmi um samstarf skólastiga í samstarfsáætlun má sjá eftirfarandi:

Á sameiginlegum fundi að hausti kynnr grunnskólinn námskrá sína og gefst þá tækifæri fyrir skólana til að samræma starfið á milli skólastiga. Í nóvember fara kennarar fyrstu bekkja grunnskólans í heimsóknir í leikskólana. Eftir heimsóknirnar koma leikskólakennarar úr viðkomandi leikskólum í heimsókn í grunnskólann. Í mars senda leikskólarnir skólanum lista um væntanlega nemendur í 1. bekk. Í apríl koma væntanlegir nemendur í heimsókn í grunnskólann með starfsmanni leikskólans. Einn leikskóli kemur í senn. Skólastjórnendur taka á móti börnunum, ræða við þau og sýna þeim skólahúsnæðið.

Fleiri sveitarfélög leggja áherslu á mótun lærdómssamfélags og má sjá í menntastefnu sveitarfélags C að starfsfólk skólanna á að taka þátt í slíku og leggja sig fram við að nýta fjölbreyttar náms-, leik- og kennsluáferðir. Á allt samstarf innan skóla- og frístundastarfs sveitarfélagsins að vera í anda lærdómssamfélagsins, bæði styðjandi og hvetjandi. Lögð er áhersla á að efla teymisvinnu í skóla- og frístundastarfi og að samþætta verkefni, námsgreinar, árganga og skólastig sem er talin vera góð leið til að mæta fjölbreyttum þörfum. Liður í því er að koma á fót sameiginlegri verkfærakistu fyrir skóla- og frístundastarf.

Þá er stefnt að mótun lærdómssamfélags í menntastefnu sveitarfélags D þar sem stjórnendur, kennarar, þjálfarar, frístundaleiðbeinendur og annað starfsfólk vinnur markvisst saman og lærir hvert af öðru. Fjölga á tækifærum til samstarfs og bættu aðgengi að kennslufræðilegri ráðgjöf og símenntun þvert á stofnanir. Hér má sjá dæmi úr samstarfsáætlun skóla í sveitarfélagi D:

Samstarfið byggist aðallega á því að nemendur/börn leikskólans og grunnskólans fá að hittast og kynnast aðstæðum á hvorum staðnum fyrir sig. Unnið er markvisst að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í grunnskólann og heimsækja 5 ára nemendur leikskólanna grunnskólann. Leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnæði

grunnskólans og dægradvölin er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Þetta gerir skólabyrjun þeirra í grunnskólanum auðveld og vinalega.

Það eru því víða merki um samstarf byggt á jafningjagrunni sem felast í sameiginlegum verkefnum og gagnkvæmum heimsóknum.

Sameiginlegur samstarfsvettvangur

Framtíðarsýn um sterkt samstarf á jafningjagrunni, þar sem byggður er upp og mótaður sameiginlegur skilningur á framtíðarnámi barna og hlutverki kennara, má greina í menntastefnum sveitarfélaganna. Til þess er talin þörf á að aðilar hafi aðgang að sameiginlegum vettvangi til samtals og samvinnu.

Eina leið til að skapa þennan sameiginlega vettvang má sjá í stofnun þróunarsjóða sem tengjast innleiðingu menntastefnu, sem kennarar geta sótt í, og eru þeir aðgengilegir í tveimur af þeim sveitarfélögum sem skoðuð voru. Þeir hafa þann tilgang að leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum gefst kostur á að sækja um styrki frá sveitarfélaginu. Finna má einnig sérstakan sjóð til samstarfsverkefna þar sem gerð er krafa um þverfaglegt samstarf á milli skólastiga innan sem utan hverfis. Markmið þessara sjóða er að stuðla að framþróun og öflugu innra starfi skóla og er áhersla lögð á fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila sveitarfélags B.

Dæmi um aukið samstarf er að finna í samstarfsáætlun eins leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins sem vinna sameiginlegt þemaverkefni:

Aðlögun elstu barna leikskólans yfir í grunnskólann hefst nokkru fyrir vorskólann en það er nokkurra vikna smiðjuvinna þar sem elstu nemendum leikskólans er blandað með nemendum í 1. bekk og starfsfólk beggja skóla vinnur saman að þemaverkefni.

Í menntastefnu sveitarfélags A er fjallað um samstarf innan hverfis. Þar ýtir nálægð leikskólans við grunnskólann undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýtingu á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Í nokkur ár hefur verið samstarf milli leikskólans og unglíngastigs grunnskólans þar sem val hefur verið í boði fyrir 8.–10. bekk. Leikskólinn tekur þá á móti allt að 10 nemendum unglíngastigs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Skýr sameiginleg sýn allra aðila innan skólanna og uppbyggileg og lausnamiðuð umræða er sett fram í menntastefnu sveitarfélags C sem er ætlað að tryggja góða samvinnu þvert á skólastig. Lögð er áhersla á uppbyggilegar, yfirvegaðar og lausnamiðaðar samræður um áskoranir og umbætur. Sem dæmi úr starfsáætlun skóla má nefna:

Í skólanum er lögð mikil áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Námsráðgjafi skólans fylgir nýjum nemendum grunnskóladeildar eftir fyrstu vikurnar með því að hitta nemendur tvisvar til þrisvar þar sem farið er yfir líðan og helstu áskoranir sem mætt hafa nemendum. Nemendur sem byrja í leikskóladeildinni fara í gegnum aðlögun sem hæfir aldri og þroska barnsins.

Heildstæð nálgun í námi barna með samfelldu og virku samstarfi allra sem sinna menntun og þjónustu við börn og fjölskyldur kemur skýrt fram í menntastefnu sveitarfélags D. Samstarfið á að byggja á gagnkvæmri virðingu og trausti sem starfsfólk skapar með reglubundnu og markvissu samtali og stuðningi í virku samráði. Hér er dæmi úr samstarfsáætlun skóla sveitarfélagsins:

Í sumarskólanum höfum við greinar Barnasáttmálans að leiðarljósi þar sem ríkir jafnræði og allir fá að njóta sín á sínum forsendum, allir hafa rétt á sínum skoðunum og láta þær í ljós og allir fá menntun sem gefur þeim tækifæri til að þroskast á sínum eigin forsendum og rækta hæfileika sína.

Það má því sjá greinilega framþróun í áherslum samstarfs leikskóla og grunnskóla í stefnum sveitarfélaganna og starfsháttum leikskóla og grunnskóla.

Samantekt og umræður

Í þessari grein hafa dæmi verið gefin um áherslur í menntastefnum sveitarfélaganna sem falla undir þær þrjár tegundir samstarfs sem Moss (2013) hefur greint. Ljóst er að þessar tegundir tengsla skólastiga er ekki auðvelt að aðgreina, heldur má merkja að þau hafa þróast frá því að vera upplýsingagjöf og undirbúningur leikskólans fyrir grunnskólagöngu barna og yfir í gagnvirkt samtal um nám barna og þekkingarsköpun. Má greina undirliggjandi gildi sem stefnurnar byggja á og aukna áherslu á menntun sem stuðlar að lýðræðislegum lífnaðarháttum, félagslegu réttlæti og sjálfbærni (Kessler, 2018, 2020). Hér verður fjallað nánar um niðurstöður skjalagreiningarinnar, hvaða áherslur er að finna í samstarfi leikskóla og grunnskóla í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga á Íslandi og hvernig þær endurspeglast í samstarfsáætlunum hverfisskóla innan þeirra.

Niðurstöður skjalagreiningarinnar gefa dæmi um hlutverk leikskóla í að undirbúa börnin undir grunnskólagöngu með áherslu á málörvun fyrst og fremst en einnig viðleitni leikskóla til að undirbúa grunnskólann fyrir móttöku barna úr leikskóla sem felst helst í upplýsingamiðlun á milli skólanna og svokölluðum skilafundum. Á fundunum er grunnskólanum gerð grein fyrir námslegri stöðu barnanna með áherslu á lestrarnám barna í leikskóla og stöðu þeirra á málþroskaþrófi. Undirbúningur málþroskaþrófsins felst oft í kennarastýrðum leikstundum þar sem börn eru þjálfuð í ýmsum þáttum málþroska og geta slíkir starfshættir kallað á kennarastýrðar stundir fremur en leik sem helstu námsleið barna og þannig veikt sérstöðu leikskólans (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011b). Litast slíkt samstarf að einhverju leyti af að sýna fram á hversu vel leikskólinn hefur staðið að undirbúningi barna fyrir leikskólagöngu. Þó er einnig hægt að líta á það sem viðleitni til að búa grunnskólann undir að taka vel á móti þeim börnum sem hefja þar dvöl með því að byggja upp þekkingu á því starfi sem unnið var innan leikskólanna og skilningi á því námi sem þar fór fram. Gæti slík þekking og skilningur dregið úr þeirri ólíku sýn sem kennarar hafa á skólastarf, annars vegar áherslu á leik sem helstu námsleið barna í leikskóla en hins vegar kennarastýrt nám í grunnskóla (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Niðurstöður sýna áherslu í samstarfi leikskóla og grunnskóla í einu sveitarfélagi á að allt námið í leikskólanum sé grunnur að frekara námi í framtíðinni og greina má að undirbúningshlutverk leikskólans sé að einhverju leyti víkjandi í menntastefnum sveitarfélaganna.

Samstarf leikskóla og grunnskóla á jafningjagrunni má einnig sjá í skjölunum sem greind voru. Finna má áherslu á mótun lærdómssamfélags og að skólarnir móti sér reglur og hefðir um hvernig staðið skuli að samfelli í námi barna. Þar hafa sameiginlegir grunnþættir menntunar í Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011b) og Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011a) gegnt hlutverki sameiginlegra þráða. Að öðru leyti eru sameiginlegar heimsóknir taldar góð leið til að tengja skólastigin og gera börnin í leikskólunum kunnug grunnskólanum, en einnig má sjá að börn í grunnskólum fara í heimsóknir í leikskóla. Fá dæmi fundust um að kennarar grunnskólans sæktust eftir að kynna sér hvað gert hefði verið í leikskólanum, þrátt fyrir að fræðimenn hafi bent á að yngsta stig grunnskólans geti margt lært af leikskólastarfi (Sahlberg, 2016). Undantekning á því var menntastefna sveitarfélagsins C sem kveður á um að starfsfólk skólanna taki þátt í lærdómssamfélagi samkvæmt menntastefnu sveitarfélagsins og leggi sig fram um að vaxa í starfi með fjölbreyttum náms-, leik- og kennsluáðferðum. Þá er stefnt að mótun lærdómssamfélags í menntastefnu sveitarfélags D þar sem stjórnendur, kennarar, þjálfarar, frístundaleiðbeinendur og annað starfsfólk vinnur markvisst saman og lærir hvert af öðru. Góð dæmi um samstarf á jafningjagrunni mátti sjá í sveitarfélagi D þar sem leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnæði grunnskólans og dægurvölin er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Annað dæmi var sameiginleg verkfærakista sem komið hefur verið á fyrir skóla- og frístundastarf með hugmyndum sem eru öllum aðgengilegar. Þannig geta kennarar kynnt sér það sem gert er í leikskólanum til að byggja upphaf grunnskólagöngunnar á því sem börnin hafa lært. Er það í anda samstarfs sem dæmi eru um í leikskólum og grunnskólum til að þróa

leiðir við að nota leik sem námsleið með viðfangsefninu stærðfræði, byrjendalæsi, náttúrufræði og útikennslu (Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2013).

Eins og fyrr segir falla menntastefnurnar vel að stefnu stjórnvalda um Menntun fyrir alla börn, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og svara þær því vel því ákalli sem er um samtal um nám barna og þekkingarsköpun, innihald og starfsaðferðir leikskóla og grunnskóla sem og þann gildagrunn sem skólastarf byggir á. Gott dæmi um það mátti finna í sumarskóla um réttindi barna. Fjalla menntastefnurnar um aukið samstarf kennara þar sem byggður er upp og mótaður sameiginlegur skilningur á framtíðarnámi barna og hlutverki kennara. Lögð er áhersla á fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila sveitarfélaganna. Þannig geti tækifæri skapast til að mynda félagslega sjálfbær og réttlát hverfi. Heildstæð nálgun í námi barns með samfelldu og virku samstarfi allra sem sinna menntun í bæjarfélaginu og þjónustu við börn og fjölskyldur kemur fram í menntastefnu eins sveitarfélagsins og að samstarf kennara byggji á gagnkvæmri virðingu og trausti. Starfsfólk skapar traust með reglubundnu og markvissu samtali og stuðningi í virku samráði við hagsmunahópa.

Dæmi fundust um að vettvangur til samstarfs leikskóla og grunnskóla hafi verið mótaður í hverfum, til dæmis með nokkurra vikna smiðjuvinnu þar sem elstu börnum leikskólans er blandað með nemendum í 1. bekk og starfsfólk beggja skóla vinnur saman að þemaverkefni. Þá gefst kennurum kostur á að ræða saman um hlutverk kennara sem samstarfsaðila í námi barna (Rinaldi, 2006), og einnig að vinna að þematengdum verkefnum, ígrunda eigið starf og kynnast (Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2013). Með auknu samstarfi leikskóla og grunnskóla getur hugmyndafræði leikskólans haft áhrif á nám og starfshætti í grunnskóla (Sahlberg, 2016). Stofnun þróunarsjóða í tveimur sveitarfélaganna sem tengjast innleiðingu menntastefnu og kennarar geta sótt í er hvati til að stofna sameiginlegan samstarfsvettvang. Þeir hafa þann tilgang að hvetja leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili til að vinna saman við að stuðla að framþróun og öfluglu innra starfi skóla.

Miklu skiptir hvernig stefnumótun er fylgt eftir og hún innleidd. Síndu niðurstöður skjalagreiningarinnar aukna áherslu á fjölbreytt og þverfaglegt samstarf í núgildandi menntastefnum fjögurra sveitarfélaga. Allar byggja stefnurnar meðal annars á stefnu stjórnvalda um Menntun fyrir alla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þátttaka foreldra, kennara og barna í skólastarfi og áhrif þeirra eru undirstrikuð í ofangreindum stefnum og geta félagsleg sjálfbærni, réttlæti og fullgildi skapast í skólastarfi innan hverfa (Bramley o.fl., 2009; Dempsey o.fl., 2011; Suminski o.fl., 2006). Félagslegt réttlæti felur í sér jafnan aðgang að gæðum og því mikilvægt að foreldrar, kennarar og börn skilgreini í sameiningu í hverju gæði skólastarfs felast (Dahlberg o.fl., 2013). Ætti innleiðing menntastefna og framþróun í samstarfi leikskóla og grunnskóla að byggja að einhverju leyti á sjónarmiðum barna og hvernig börn læra (Broström, 2019; Moss, 2019). Er það í samræmi við ákall Ødegaard (2020, 2021) um mikilvægi samstarfs um sjálfbæra menntun sem felst í samtali, könnun og tengslum. Engin dæmi fundust um aðkomu barna að áætlanagerð eða þróun samstarfs leik- og grunnskóla.

Lokaorð

Framþróun í samstarfi leikskóla og grunnskóla með það að markmiði að stuðla að samfellu í námi barna ætti fyrst og fremst að taka mið af sjónarmiðum barna en einnig foreldra og kennara. Í stefnumótun og innleiðingu stefnu þarf að ákveða á hvaða forsendum tengsl skólastiga byggja. Til þess þarf vettvang til samræðu barna, foreldra og starfsfólks skóla sem móta má til dæmis innan hverfa í sveitarfélögum. Þar þarf samtal að fara fram um gæði skólastarfs í anda lýðræðis, félagslegs réttlætis og sjálfbærni. Í því samtali þarf að mótast sameiginlegur skilningur á hvernig börn læra best, byggður á rannsóknnum. Leggja þarf áherslu á umræðu um gildi og lýðræðislega starfshætti, sameiginlegt siðferði, umhyggju og sameiginleg námsmarkmið sem finna má í menntastefnu sveitarfélaganna. Þau er hægt að vinna að til dæmis í sameiginlegri þemavinnu þvert á skóla og skólastig.

A meeting place for preschool and primary school teachers: The educational policies of four municipalities

This research aimed to analyse the priorities in the collaboration between preschools and primary schools in Iceland and on what these priorities are based. Continuity in the education of children and young people is emphasised in international educational policy. The education of children and young people should be continuous from preschool to the end of secondary school, where education at each school level is based on the experience and learning that the child has gained at previous levels.

Moss (2013) has analysed three types of partnerships between preschools and primary schools and how best to ensure continuity in children's learning. These are the preschool's role in preparing young children for primary school by governing the child to acquire the knowledge and skills required in primary school and increasing cooperation between preschool and primary school based on equal partnership focusing on the strengths of both partners. A third possible relationship is to invite a discussion about children's learning and the creation of knowledge, the contents and working methods of the preschool and primary school, and the pedagogical value base. Interactive cooperation between preschools and primary schools is the responsibility of the local governments in Iceland. This cooperation must be explained in the preschool curriculum. The emphasis is placed on flexibility and continuity in the school system,

content, and practices. Opposing points of view focus on the importance of preschools as a school level, emphasising play as the main learning path or a period where children should be prepared for the primary school level.

Document analysis was used to understand educational policies from four municipalities in Iceland and preschool and primary school partnership programs. Document analysis is a systematic procedure for reviewing documents, analysing and interpreting them to elicit meaning and gain understanding. This is an efficient method and useful where the goal is to gain a deeper understanding of a specific subject (Stake, 1995; Yin, 1994). Document-based research is subject to limitations, but despite this certainty, document analysis has been used as an independent method (Gagel, 1997; Wild et al., 2009).

The findings of the document analysis show that increased emphasis is placed on diverse and interdisciplinary cooperation in the current educational policies of the four municipalities. All the policies are based, among other things, on the government's policy on Education for All, the United Nations Convention on the Rights of the Child, and the United Nations Global Goals for Sustainable Development. Increased emphasis is placed on interdisciplinary cooperation in the current educational policies of the four municipalities. They often define continuity in education as the preparation of young children in the preschool for attending primary school instead of the primary school building on what the children have learnt in preschool. Many indications could be found about the preschool as the first school level in the school system, with the uniqueness of emphasising the value of play and the importance of democracy and equality in daily activities. Evidence of an increased emphasis on a coherent shared vision of children and learning could also be found. A vision of the future could be a strong peer-to-peer collaboration where a common understanding of children's future learning and the role of teachers is built up and shaped. For this, it was necessary to have access to a common forum for conversation and cooperation. One way to create this common platform could be using funds to implement the educational policies, which teachers can apply for and are accessible in two of the municipalities examined.

The participation of parents, teachers, and children in schoolwork and their influence is highlighted in international policy-making, social sustainability and justice, and the feeling of belonging should be created in the neighbourhood's schoolwork. For this, a platform for dialogue is needed, which can be formed, for example, in local authorities and within neighbourhoods. There needs to be a conversation about the quality of schoolwork between the school levels in the spirit of democracy, social justice, and sustainability.

Keywords: transition from preschool to primary school, continuity in learning, educational policies, social sustainability, justice

Um höfund

Anna Magnea Hreinsdóttir Ph.D. (amh@hi.is) lauk námi í tómsundafræðum frá Göteborgs folkhögskola í Svíþjóð árið 1980, B.Ed.-gráðu í leikskólafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2003. Árið 2009 lauk hún doktorsþrófi í menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands með áherslu á lýðræðislegt umræðumat á skólastarfi. Hún vann sem leikskólastjóri og leikskólafulltrúi á árunum 1991–2015 og var sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar á árunum 2015–2020. Nú starfar hún við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

About the author

Anna Magnea Hreinsdóttir Ph.D. (amh@hi.is) completed her degree in leisure studies at Göteborgs folkhögskola, Sweden, in 1980, a B.Ed. in preschool studies at the Icelandic University of Education in 1999, and a master's degree at the same university in 2003. She completed her Ph.D. on democratic school evaluation at the University of Iceland School of Education in 2009. She has worked as a preschool and primary school officer for many years, as well as being a director of education and welfare. She now teaches at the University of Iceland's School of Education.

Heimildir

- Ackesjö, H. (2019). Transitions as a two way-window: Separation and adjustment in transition through the eyes of children starting school. Í S. Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og B. Perry, *Listening to children's advice about starting school and school age care* (bls. 42–54). Routledge.
- Ackesjö, H. og Persson, S. (2019). The scholarization of the preschool class: Policy discourses and educational restructuring in Sweden. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*, 5(2), 127–136. <https://doi.org/10.1080/20020317.2019.1642082>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4331>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–98). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Arna Hólmfríður Jónsdóttir. (2023). Lýðræðisleg forysta í leikskólum. *Netla – Vefrit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2023/alm/08.pdf>
- Arna H. Jónsdóttir. (2022). Jafnræði á mörkum skólastiga í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum: Samstarf um nám og aðstæður barnanna. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn* (bls. 403–427). Háskólaútgáfan.
- Atkinson, P. A. og Coffey, A. (1997). Analysing documentary realities. Í D. Silverman (ritstjóri), *Qualitative research: Theory, method and practice* (bls. 45–62). Sage.
- Ball, S. J. (2017). *The education debate*. Policy Press.

- Barton, H., Grant, M. og Guise, R. (2003). *Shaping neighbourhoods: A guide for health, sustainability and vitality*. Spon.
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauds meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Bowen, G. A. (2009). Document analysis as a qualitative research method. *Qualitative Research Journal*, 9(2), 27–40. <https://doi.org/10.3316/QRJ0902027>
- Bramley, G., og Power, S. (2009). Urban form and social sustainability: the role of density and housing type. *Environment and Planning B*36, 30–48. <https://doi.org/10.1068/b33129>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research method: A practical guide for beginners*. Sage.
- Brooker, E. (2011). Taking children seriously: An alternative agenda for research. *Journal of Early Childhood Research*, 9(2), 137–149. <https://doi.org/10.1177/1476718X10387897>
- Broström, S. (2017). A dynamic learning concept in early years' education: A possible way to prevent schoolification. *International Journal of Early Years Education*, 25(1), 3–15. <https://doi.org/10.1080/09669760.2016.1270196>
- Broström, S. (2019). Children's views on their learning in preschool and school: Reflections and influence on practice. Í S. Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og B. Perry, *Listening to children's advice about starting school and school age care* (bls. 84–98). Routledge.
- Broström, S., Jóhanna Einarsdóttir og Pramling Samuelsson, I. (2018). The Nordic perspective on early childhood education and care. Í M. Fleer og B. van Oers (ritstjórar), *International handbook of early childhood education* (bls. 867–887). Springer.
- Connell, J., Lynch, C. og Waring, P. (2001). Constraints, compromises and choice: Comparing three qualitative research studies. *The Qualitative Report*, 6(4). <https://doi.org/10.46743/2160-3715/2001.1990>
- Corbin, J. og Strauss, A. (2008). *Basics of qualitative research: Techniques and procedures for developing grounded theory* (3. útgáfa). Sage.
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2013). *Beyond quality in early education and care: Language of evaluation* (3. útgáfa). Routledge.
- Dave, S. (2011). Neighbourhood density and social sustainability in cities of developing countries. *Sustainable Development*, 19(3), 189–205. <https://doi.org/10.1002/sd.433>
- Dempsey, N., Bramly, G., Power, S., og Brown, C. (2011). The social dimension of social development: Defining urban social sustainability. *Sustainable Development*, 19, 289–300. <https://doi.org/10.1002/sd.417>
- Denzin, N. K. (1970). *The research act: A theoretical introduction to sociological methods*. Aldine.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).
- Gagel, C. (1997). Literacy and technology: Reflections and insights for technological literacy. *Journal of Industrial Teacher Education*, 34(3), 6–34.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Háskólaútgáfan.
- Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun. (e.d.). *Heimsmarkmiðin*. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur*. Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2020). Viðhorf foreldra og opinber leikskólastefna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2020.6>
- Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2022). Þróun leikskóla á Íslandi: Samtal við skrif Jóns Torfa Jónssonar. *Sérrit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrit til heidurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus*. http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/01.pdf
- Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2013). *Á sömu leið. RannUng*; Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Wagner, J. T. (2006). *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden*. Information Age.

- Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Rannsóknarstofa um menntakerfi; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kennarasamband Íslands. (2023, 12. janúar). *Skólaárið sambærilegt í leikskólum og grunnskólum*. <https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2023/skolaarid-sambaerilegt-i-leikskolum-og-grunnskolum/>
- Kessler, S. A. (2018). Reconceptualising the early childhood curriculum: An unaddressed topic. Í M. Bloch, B. B. Swadener og G. Canella (ritstjórar), *Reconceptualizing early childhood care and education: A reader: Critical questions, new imaginaries and social action* (2. útgáfa) (bls. 35–45). Peter Lang.
- Kessler, S. A. (2020). Historical and contemporary perspectives on democratic education in early childhood. Í S. A. Kessler og B. B. Swadener (ritstjórar), *Educating for social justice in early childhood* (bls. 61–72). Routledge.
- Kópavogsbær. (2023, 14. september). *Jákvæð áhrif í kjölfar breytinga í leikskólum*. <https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/category/1/jakvaed-ahrif-i-kjolfar-breytinga-i-leikskolum-kopavogs>
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2016). Hugleiðingar um gildi rannsóknarinnar. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum* (bls. 247–268). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Labuschagne, A. (2003). Qualitative research: Airy fairy or fundamental? *The Qualitative Report*, 8(1), 100–103. <https://doi.org/10.46743/2160-3715/2003.1901>
- Lawhon, L. L. (2009). The neighbourhood unit: Physical design or physical determinism? *Journal of Planning History*, 8(2), 111–132. <https://doi.org/10.1177/1538513208327072>
- Lecusay, R., Mark, L. og Nilsson, M. (2021). What is community in early childhood education and care for sustainability? Exploring communities of learners in Swedish preschool provision. *International Journal of Early Childhood*, 54, 51–74. <https://doi.org/10.1007/s13158-021-00311-w>
- Lecusay, R., Rainio, A. P. og Ferholt, B. (2022). Caring about and with imaginary characters: Early childhood playworlds as sites for social sustainability. *Sustainability*, 14, 5533. <https://doi.org/10.3390/su14095533>
- Lenz-Taguchi, H. (2010). *Going beyond the theory/practice divide in early childhood education: Introducing an intra-active pedagogy*. Routledge.
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations Convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Malaguzzi, L. (1993). History, ideas and basic philosophy. Í C. Edwards, L. Gandini og G. Forman (ritstjórar), *The hundred language of children* (bls. 57–61). Ablex.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011a). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011b). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Menntastefna 2030: Aðgerðaaáætlun I*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna_2030_fyrsta%20adgerdar%c3%a1%c3%a6t-lun.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2022). *Menntun fyrir alla*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntun-fyrir-alla/>
- Moss, P. (2013). *Early childhood and compulsory education: Reconceptualising the relationship*. Routledge.
- Moss, P. (2019). Democracy as a political choice. Í V. Margrain og A. L. Hultman (ritstjórar), *Challenging democracy in early childhood education: Engagement in changing global contexts* (28, bls. v–ix). Springer Nature.
- Moss, P. og Petrie, P. (2002). *From children's services to children's spaces*. Taylor & Francis.
- OECD. (2001). *Starting strong: Early childhood education and care*. <https://doi.org/10.1787/9789264192829-en>
- OECD. (2006). *Starting strong II: Early childhood education and care*. <https://doi.org/10.1787/9789264035461-en>
- OECD. (2011). *Starting strong III: A quality toolbox for early childhood education and care*. <https://doi.org/10.1787/9789264123564-en>
- OECD. (2015). *Starting strong IV: Monitoring quality in early childhood education and care*. <https://doi.org/10.1787/9789264233515-en>

- OECD. (2017). *Starting strong V: Transitions from early childhood education and care to primary education*. <https://doi.org/10.1787/9789264276253-en>
- OECD. (2021). *Starting Strong VI: Supporting meaningful interactions in early childhood education and care*. <https://doi.org/10.1787/f47a06ae-en>
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Háskólaútgáfan.
- Patton, M. Q. (1990). *Qualitative evaluation and research methods* (2. útgáfa). Sage.
- Rapley, T. (2007). *Doing conversation, discourse and document analysis*. Sage.
- Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.
- Reykjavíkurborg. (2021). *Umbætur og skipulag leikskólastarfs: Tillögur stýriþóps maí 2021*. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/209_1.1_umbætur_og_skipulag_leikskolastarfs_skyrsla_0.pdf
- Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. Routledge.
- Sahlberg, P. (2016). The global educational reform movement and its impact on schooling. Í K. Mundy, A. Green, B. Lingard og A. Verger (ritstjórar), *The handbook of global education policy* (bls. 128–144). John Wiley & Sons.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992). <https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>
- Sara Margrét Ólafsdóttir. (2022). Þáttaskil og samfella í námi barna á mótum leik- og grunnskóla. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn* (bls. 353–372). Háskólaútgáfan.
- Stake, R. E. (1995). The art of case study research. Sage.
- Suminski, R. R., Petosa, R. L. og Stevens, E. (2006). A method for observing physical activity on residential sidewalks and streets. *Journal of Urban Health: Bulletin of the New York Academy of Medicine*, 83(3), 434–443. <https://doi.org/10.1007/s11524-005-9017-2>
- Sundberg, B., Areljung, S., Due, K., Ekström, K., Ottander, C. og Tellgren, B. (2018). Opportunities for and obstacles to science in preschools: Views from a community perspective. *International Journal of Science Education*, 40(17), 2061–2077. <https://doi.org/10.1080/09500693.2018.1518615>
- UNESCO [United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization]. (2020). *Education for sustainable development: A roadmap*. <https://doi.org/10.54675/YFRE1448>
- Wild, P. J., McMahon, C., Darlington, M., Liu, S. og Culley, S. (2009). A diary study of information needs and document usage in the engineering domain. *Design Studies*, 31(1), 46–73. <https://doi.org/10.1016/j.destud.2009.06.002>
- Yin, R. K. (1994). *Case study research: Design and methods* (2. útgáfa). Sage.
- Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun nr. 16/151 um menntastefnu fyrir árin 2021–2030. <https://www.althingi.is/altext/151/s/1111.html>
- Ødegaard, E. E. (2020). Dialogical engagement and the co-creation of cultures of exploration. Í M. Hedegaard og E. E. Ødegaard (ritstjórar), *Children's exploration and cultural formation* (bls. 83–104). Springer Nature.
- Ødegaard, E. E. (2021). Reimagining “collaborative exploration”: A signature pedagogy for sustainability in early childhood education and care. *Sustainability*, 13(9), 5139. <https://doi.org/10.3390/su13095139>



Anna magnea Hreinsdóttir. (2023).

Samstarf um nám barna og þekkingarsköpun: Áherslur í tengslum leikskóla og grunnskóla í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2023 – Menntavika 2023.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2023/menntavika_2023/01.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.13>